

AUGLÝSINGA-

OG KYNNINGARBLAÐ SKÍÐAMANNA

Snjótroðara í vetur

SNJÓTROÐARI er geysilega mikilvægur á öllum skíðastöðum og er ómissandi erlendis þar sem þúsundir manna skíða og miklar kröfur eru gerðar til allrar aðstöðu. Ekki síður er snjótroðari nauðsynlegt tæki hér í brekkunum á Seljalandsdal. Jafnvel enn meira vegna veðráttu og breytilegs veðurfars. Fyrst og fremst er þetta mikið öryggistæki fyrir allan almenning sem stundar skíði.

Við þekkjum öll veðráttuna hérna.

Tökum dæmi:

Ef snjóar við 0 °C síðan frýstir, þá kemur skel á snjóinn og skíðafæri verður mjög erfitt og stundum hættulegt. En þarna gæti snjótroðari bætt úr. Hann er fljótur í förum og á örskömmum tíma yrðu allar brekkur troðnar, hættunni bægt frá og margfalt meiri ánægja af skíðuferðinni. Hundruðir manna flykkjast á Dalinn þegar sól in skín á nýfenntan snjóinn, því þá er hvergi falletgra en á Seljalandsdal. Einnig trúir fólk því að þá hljóti að vera



Snjótroðari í Austurríki.

gott skíðafæri. Það er líka oft rétt ályktað en ekki alltaf. En með tilkomu snjótroðara hverfur öll óvissa um hvort skíðafæri sé gott eða ekki. Fólk getur treyst því að brekkurnar séu troðnar og farið oftast á skíði, jafnvel

þó að kuli svolítið af norðri því enginn er hressari er heim kemur en einmitt eftir svolítið svalan skíðatúr.

Ísfirðingar hafa unnið stórvirki í framkvæmdum á Seljalandsdal þar sem margar Framhald á 3. síðu.

stráumur HF

ROWENTA- mínútugrill
ROWENTA- kaffikönnur
ROWENTA- gufufatabursti
ROWENTA- rafmagnsskóbursti
ROWENTA- brauðhnífar
ROWENTA- djúpsteikingarpottur
ROWENTA- grillofnar
ROWENTA- hárburrkur

ROWENTA-VÖRURNAR ÞEKKJA ALLIR.

CANDY-þvottavélar
CANDY-uppþvottavélar
ELECTROLUX-eldavélar
ELECTROLUX-ryksugur
ELECTROLUX-kæliskápar
Electrolux-vörurnar eru í lit.
SERVICE-taupurrkarar

Raftækjaverkstæðið STRAUMUR

Sími 3321 — Ísafirði

Vetraráætlun 1974—1975

Göngum
einnig frá
ferð yðar til
Kaupmannahafnar
Kanáreyja
Glasgow
Oslo og Færeyja

	MÁNUDAGAR FÖSTUDAGAR		AÐRIR DAGAR
Brottför REK	10:30	12:00	10:30
Komutími ÍFJ	11:15	12:45	11:15
Brottför ÍFJ	14:45	13:15	11:45
Komutími REK	15:30	14:00	12:30

Akureyrarflug			
MÁNUDAGAR OG FÖSTUDAGAR			
Brottför ÍFJ 12:00	Komutími AEY 12:50	Brottför AEY 13:30	Komutími ÍFJ 14:20

Nú seljum við mjög ódýrar einstaklingsferðir til Reykjavíkur og Akureyrar um helgar með gistingu á hóteli. Einnig sérstök hópfarðafargjöld fyrir 10-15 manna hópa í leikhúsferðir. Leitið upplýsinga um hvernig þér getið ferðast ódýrast.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Timburverslunin BJÖRK

Mánagötu 6 — Sími 3063.

Höfum fyrirbyggjandi byggingarvörur einnig topplyklasett og handverkfæri í úrvali.

GUNNVÖR HF.

ÚTGERÐARFÉLAG



**Ísafjarðar
apótek**

HRAFNKELL STEFÁNSSON · SÍMI 3009 · PÓSTHÓLF 14 · ÍSAFIRÐI

Eimað vatn




ÍSFIÐINGAR!

Brunabótafélag Íslands

minnir viðskiptavinum sína á, að iðgjöld af brunatryggingum fasteigna, lausafjár og heimilistrygginga, féll í gjald-daga þann 15. október.

Góðfúslega greiðið gjöldin í skrifstofu vorri, Aðalstræti 22, Ísafirði, sem fyrst.



Allar almennar myndatökur.

Ljósmyndastofa Ísafjarðar

Mánagötu 2 - Sími 3776

G. E. Sæmundsson hf.

Aðalstræti 17 — Ísafirði

Sími 3047 — Pósthólf 120

Framkvæmum

allskonar málningarvinnu utan húss og innan.

Verslun

með málningarvörur og veggfóður.

Bökunarfélag Ísfirðinga

Daglega nýjar kökur og brauð.

Skrifstofustarfi

Maður eða kona óskast til starfa hálfan daginn, frá næstu áramótum.

Nánari upplýsingar gefnar á skrifstofunni.



H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS
Afgreiðslan á Ísafirði



Ísafirði — Sími 3416

Gólfampar á kristalsfæti

Borðlampar — Svefnherbergislampar

Hnífaparakassar

Stakar könnur og bollar

Leikföng í úrvali — Brúður — Húsgögn

Stór sending frá FISHER-PRICE

Hvar er vöruúrvalið?

Nú auðvitað í NEISTA



Hvergi meira gólfteppaúrval en hjá okkur.

Teppabúðin

Hafnarfirði — Sími 91-53636.

Jón Fr. Einarsson

Bolungarvík - Símar 7353 og 7351

Trésmiðja - Byggingavöruverslun - Hurðaverk-smiðja - Vinnuvélar - Plastverksmiðja - Verktakar

ÍSFIÐINGAR

Ísfirðingar og nágrannar

Fjölbreytt úrval af efnum í jólafatnaðinn.
Simplicity-sniðin pöntuð vikulega.
Gjörð svo vel og lítið inn.

VERSLUNIN ÓSK

Ef þig vantar leikföng eða gjafavörur
þá mundu eftir

VINNUVER

OLÍUSAMLAG ÚTVEGSMANNA

Aðalstræti 16 — Sími 3245

Umboð fyrir SHELL og B P

Hinir eftirspurðu sparneytnu háþrýstibrennarar
ávallt fyrirleggjandi.

- Snjótroðari

Framhald af 1. síðu.
hendur hafa unnið saman við
að láta dagdrauma sína ræt-
ast. Enda standa tvær glæsi-
legar skíðalyftur á Seljalands-
dal. Geysilegur fjöldi fólks
notar þessar lyftur þegar gott
skíðafæri er. En það er alltof
oft sem skíðafæri er þannig,
að fólk treystir sér ekki til
að fara, eða fær ekki eins
mikið út úr skíðaferðinni eins
og skildi. Þess vegna er
næsta skrefið snjótroðari á
Seljalandsdal. Þetta yrði slíkt
spor fram á við að með ólík-
indum er.

Það trúir því enginn, nema
sá sem hefur sé snjótroðara
geysast um brekkurnar hve
mikið öryggi verður af þessu,
allar brekkur troðnar fyrir
hádeggi og fólk getur farið
á Dalinn mörgum sinnum oft-
ar en það gat áður, og haft
miklu meiri ánægju af. Þess
vegna skora ég á bæjarfull-
trúa Ísafjarðarkaupstaðar, að
standa saman sem einn maður
væri, við hlið forystumanna
skíðaíþróttarinnar að því að
fá hingað snjótroðara í vet-
ur. Nú er komið tækifæri
fyrir ykkur bæjarfulltrúar
góðir, að sýna hug ykkar til
íþróttar og sýna hvað bjó á
bak við fögur orð og skrif
fyrir kosningar í vor um
stuðning við íþróttahreyfing-
una.

Hafsteinn Sigurðsson.

Efling byggðar Betri kjör




Landsbanki Íslands
ÍSAFIRÐI

SKÍÐI og SKÍÐABÚNAÐUR

fyrir göngu
fyrir svig



**fyrir algjöra byrjendur
sem færustu keppendur
og alla þar á milli.**



**Bókaverzlun
Jónasar Tómassonar**
SPORTVÖRUDEILDIN
Hafnarstræti 4 sími 3123



Hugleiðing um skíða- íþróttina á Ísafirði

ÍSAFJÖRÐUR hefur löngum verið talinn einn helsti skíða-
staður á landinu og þaðan
ávallt komið bestu skíðamenn
landsins.

Tímarnir breytast, alltaf
eitt hvað nýtt. Ísafjörður
dregst aftur úr í uppbyggingu
skíðaíþróttarinnar ef ekkert
verður aðhafst. Það hefur ver-
ið stöðnun í uppbyggingu á
Seljalandsdal. Hvað veldur
þessu? Þetta hlýtur að vera
á einhvern hátt bæjaryfir-
völdunum að kenna. Er
hægt að ætlast til að allt
sé unnið í sjálfböðavinnu?
Nú á dögum er varla hægt
að krefjast þess. Mannvirkin
á Seljalandsdal eru milljóna
króna virði, á að láta þessa
hluti bara ryðga niður? Nei
það er of dýrt til þess, eitt-
hvað verður að gera og það
fyrir en seinna.

Það virðist sem þessi
blessuð bæjaryfirvöld okk-
ar hafi svo mikið á sinni
könnu að þau geti ekki sinnt
þessum málum. Það er nú
alveg lágmark að þau hugsi
dálítið um félags- og íþrótt-
starfseminna í bænum, það er
stolt hvers bæjarfélags að
eiga góða íþróttamenn. Nú
þarf stóráttak í þessum mál-
um. Hvert á að leita?

Nú þurfum við skíðamenn
að berjast fyrir að fá snjó-
troðara á Seljalandsdal, það
er næsta skrefið. Það mundi
bæta aðstöðuna fyrir almenn-
ing mjög mikið. almennings
sem við byggjum staðinn upp
á. Við fáum ekki fólk upp á
Dal nema hafa góða aðstöðu.



Sveit Ísfirðinga sem sigraði í flokkasvigi á Skíðamóti Ís-
lands, sem fram fór í Reykjavík um síðustu páska. Í sveit-
inni eru, talið frá vinstri: Gunnar Jónsson, Arnór Magn-
ússon, Valur Jónatansson og Hafsteinn Sigurðsson.

Hvað með Æskulýðsráð? Það
mætti gjarnan láta meira að
sér kveða. Það væri ekki svo
fráleit hugmynd að ráða hér
í bæinn íþrótt- og æskulýðs-
fulltrúa. Eins og nú er ástatt
geta unglingar hvergi verið,
jú á sjöppunum. Það vantar
eitt hvert tómstudagaman fyrir
unglinga. Þessi mál ætti
æskulýðsfulltrúi að geta leyst
af hendi auk annarra mála.
Á Akureyri og Siglufirði eru
menn á fullum launum hjá
bæjarfélaginu sem vinna að
þessum málum. Hvers vegna
er ekki hægt að ráða svona
mann hér? Það er ekki svo
lítil þörf á því. Ég held að

þetta sé í verkahring bæjar-
yfirvalda okkar að koma þess-
um málum í kring og það
sem fyrst.

Valur Jónatansson.

Auglýsinga- og kynningarblað skíðamanna

Ritstjóri og ábm.
Hafsteinn Sigurðsson.

M. BERNHARDSSON SKIPASMÍÐASTÖÐ HF.

Ísafirði - Símar: 3290, 3139, 3210 og 3575

Dráttarbraut fyrir 400 tonna skip — Nýsmíði
fiskiskipa úr tré og stáli.
Fullkomin viðgerðapjónusta.
Selur efni til skipa og báta.

Félagsheimilið Hnífsdal

Leigjum sali undir fundi og hverskonar
skemmtanir.
Hafið samband við

Guðm. H. Ingólfsson

í síma 3633 eða 3645.

BÍLAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR

Önnust allar almennar bílaviðgerðir —
Mótorstillingar — Ljósastillingar. —
Varahlutasala.



Afgreiðum með stuttum
fyrirvara
rækjunætur og botnvörpur.

Landfestartóg, fléttað,
32, 36 og 44 mm,
fyrirliggjandi.

**NETAGERÐ
VESTFJARÐA HF.**

SÍMI 3413 — ÍSAFIRÐI.

Heimilistrygging

fyrir heimilið og fjölskylduna



Með Heimilistryggingu er innbú
yðar m.a. tryggt gegn eldsvoða, eldingum,
sprengingu, sóttfalli, snjóskriðum, aurskriðum,
foki, vatnsskemmdum, innbrotspjónaði o.fl.

Heimilistryggingu er inni-
falin ábyrgðartrygging fyrir tryggingataka
maka hans og ógift börn undir 20 ára
aldri, enda hafi þessir aðilar sameiginlegt
lögheimili. Tryggingarfjárhæðin er allt að
kr. 1.250.000. — fyrir hvert tjón.

Heimilistryggingu er örorku-
og dæpartrygging húsmóður og barna yngri
en 20 ára af völdum slyss eða mænu-
semdum. Örorkubætur fyrir húsmóður
er kr. 300.000. — fyrir hvert þeirra við
væðingartega örorku.

Heimilistrygging Samvinnutrygginga
er samþætting trygging fyrir öll heimili og
fjölskyldur.

SAMVINNUTRYGGINGAR

Ármúla 3, sími 38500



Frá byggingu seinni skíðalyftunnar.

Einar Guðfinnsson hf.



Annast rekstur eftirtalinna
fyrirtækja:


Íshúsfélag Bolungarvíkur hf.
Völusteinn hf.
Baldur hf. Röst hf.

STEBBABÚÐ



REOL-hillurnar eru komnar.

STEBBABÚÐ



HRADFRYSTING SKREIÐARVERKUN SALT FISKVERKUN ÚTGERÐ BEITUSALA ÍSSALA

STARFRÆKJUM FISKBÚÐ.

HRADFRYSTIHÚSIÐ NORDURTANGI HF

SÍMAR: SKRIFSTOFA 3727 – FISKBÚÐ 3497



Úrval af stökum jökkum og stökum buxum.
Karlmannna- og unglingafatnaður.
Frábært skyrtuúrval.

ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT!



EINAR & KRISTJÁN

— KLÆÐAVERSLUN —



Ísafjarðarkaupstaður

Skrifstofustúlka óskast

Starf skrifstofustúlku á bæjarskrifstofunni
er laust til umsóknar.
Nánari upplýsingar gefur bæjarritari.

Ísafirði, 31. október 1974.
BÆJARSTJÓRINN Á ÍSAFIRÐI.

Skíða- staður í Austur- ríki



FJÖLPÆTT STARFSEMI,
GRUNÐVÖLLUÐ Á SAM-
VINNU OG FÉLAGSHYGGJU.

KAUPELAG ÍSFIRÐINGA ÍSAFIRÐI

ÚTIBÚ: BOLUNGARVÍK, SÚÐAVÍK
OG HNIÐSPÁL.

Höfum umboð fyrir hin þekktu
W E L C O - bílaáklæði.

Bilaverkstæði Ísafjarðar

Sími 3837.

Hraðfrystihúsið hf. Hnífsdal

Erum kaupendur að fiski til frystingar,
söltunar og herslu.

MÍÐFELL HF.

MJÖLFRAMLEIÐSLA — HNÍFSDAL

Rækjuverksmiðjan hf. Hnífsdal

RÆKJUVINNSLA — RÆKJUSALA

Vélsmiðja Ísafjarðar

Sími 3190

Framkvæmum allskonar:
NÝSMÍÐI — RENNISMÍÐI — JÁRNSMÍÐI
VÉLAVIDGERÐIR — VINNUVÉLAVIDGERÐIR
o. fl.

BÚÐANES HF. - Ísafirði

BJÖRNSBÚÐ

SÍMI 3032 — ÍSAFIRÐI

KJÖTVÖRUR
ÁVEXTIR
ÍS OG ÍSTERTUR
OG KONFEKT

— Seljalands

Framhald af 8. síðu.
Skíðafélag Ísafjarðar. Aðaltilgangur þess félags var að vinna að bættri aðstöðu til skíðaiðkana, og að kenna fólki notkun skíða, sér til gagns og heilsubóta.

Fyrsta verkefni félagsins var því að tryggja sér réttindi á Seljalandsdal — þannig, að ekki yrðu reist þar mannvirki, sem rýrt gætu kosti skíðalandsins. Sem greiðslu fyrir þessi réttindi tók félagið að sér að leggja veg upp á Múlann. Þessi fram-sýni hefur renyst skíðaiþróttinni ómetanleg.

Á árunum 1930—1940 jókst stöðugt fjöldi þeirra, sem sóttu skemmtun og heilsubót á Seljalandsdal, og þótt gest-risni væri mikil í Skíðheim-um, var húsið orðið alltof lítið, sérstaklega þó um páska, eftir að farið var að skipu-leggja skipaferðir hingað með skíðafólk frá Reykjavík. — Til að byrja með var látið nægja að reisa stórt sam- komutjald við skálann, þegar mest var um að vera. En nú vaknaði sterkur áhugi innan Skíðafélagsins fyrir því að reisa nýjan og stærri skála. Um það var töluvert deilt, því reyndari mennirnir í fé- laginu töldu óráð að ljúka ekki við veginn fyrst. — Hann var þá kominn að Selja- landsá. — En það fór eins og oft bæði fyrr og síðar þegar beita á rökum og skyn- semi gegn sterkum áhuga og tilfinningahita. Yngri menn- irnir sigruðu. Þeir voru búnir að fá leið á vegagerð í bili, og vildu heldur bera allt efn- ið á bakinu en biðja lengur eftir nýjum skála.

Og þegar búið var að sam- þykkja þessa tilhögun með meirihluta atkvæða, þá ríkti einhugur um framkvæmdina. Það gilda nefnilega aðrar reglur í íþróttafélögum en hjá þeim stóru í stjórnmálabar- áttunni. Það er gjarnan rifist og bitist um hvað gera skuli og hvernig. En þegar búið er að samþykkja eitthvað, þá vinna ALLIR að verkefninu. Minnihlutinn fer hvorki í fýlu, né reynir að spilla fyrir meiri- hlutanum. — Sem sagt, — þriðji skálinn á Dalnum reis af grunni og var bæði stærri og veglegri en tveir hinir fyrri til samans. — Og svo var lokið við vegagerðina.

Næsta mannvirki sem prýddi Seljalandsdal var Harðarskálinn. Um hann stóð mikill styr. Taldi Skíðafélags- stjórnin sig hafa öll réttindi á Seljalandsdal, og bæri því Ksf. Herði að biðja Skíðafé- lagið um leyfi til byggingar- innar. Harðverjar töldu á hinn bóginn skálabyggingu ekki geta orðið skíðaiþróttinni til óþurftar, og væri hún því Skíðafélaginu óviðkomandi. Urðu um þetta blaðadeilur milli félagsformanna. Endir- inn varð svo sá, að skálinn var reistur framan við Buná í landi Tungu, og varð hann því utan hins umdeilda svæð- is. Og brátt ríkti aftur friður

Ísfirðingar - Vestfirðingar!

Við bjóðum yður mikið úrval af
nýtísku húsgögnum.
Sendum í póstkrofu.

HÚSGAGNAVERSLUN ÍSAFJARÐAR
Sími 3328.

Hannyrðir

Þjálfð hug og hönd og gefið heimilinu persónuleg-
an blæ með handunnum listmunum.
Vinsæl og nytsöm jólagjöf er handavinnupakkning
fyrir alla fjölskylduna.
Úrvalið er ótrúlegt, sjáið sjálf — Verið velkomin

Verslun Helgu Ebenesersdóttur

Silfurgötu 2 — Ísafirði

Íslenskir, enskir, spánskir, hollenskir, franskir,
tékkneskir, ítalskir, sænskir, finnskir

skór skór
MJÖG FJÖLBREYTT ÚRVAL
skór
ERU NYTSÖM JÓLAGJÖF

SKÓVERSLUN LEÓS HF. ÍSAFIRÐI

RAF — BÍLABÚÐ

Sími 3279

Höfum fyrirbyggjandi:
SKÍÐAGRINDUR — SNJÓKEDJUR —
RAFGEYMA
ásamt ýmsum varahlutum í bíla.

og spekt milli stórveldanna
á Seljalandsdal.

Árið 1953 féll snjóflóð á
skála Skíðafélagsins og ger-
eyðilagði hann. En samkvæmt
þeirri venju skíðamanna, að
rísa fljótt á fætur aftur, þótt
þeir detti, — það er að segja
ef þeir beinbrotna ekki í fall-
inu, þá var strax hafist handa
um byggingu nýs skála, en
rústir hins gamla jafnaðar
við jörðu — og sáð í jarð-
veksárin.

Þróun skíðaiþróttarinnar á
síðustu áratugum hefur verið
sú, að alpagreinarnar svoköll-
uðu, þ.e. svig, stórsvig og
brun hafa tekið til sín sífellt
fleira af því fólki, sem skíða-
iþróttir stundar. Skíðabúnað-
ur fyrir þessar greinar er svo
sérhæfur fyrir hraða og ná-
kvæma stjórn á skíðunum
niður flóknar og erfaðar
brautir, að segja má að úti-
lokað sé að ganga upp brekk-
urnar á þessum ágæta búnaði.

Nú vitum við að ekki er hægt
að renna sér niður brekku,
nema komast upp fyrst, og
hvað átti að gera við aum-
ingja fólkið, sem var á svo
finum græjum, að það gat
ekki gengið. Við þessu höfðu
þeir í útlöndum fundið ráð. —
Þeir settu upp tilfæringar,
sem kallaðar eru skíðalyftur,
togbrautir eða svifbrautir.
Þessi undrataeki höfðu við-
förlir skíðamenn okkar séð og
reynt. — Og auðvitað gat
Paradis skíðamanna ekki
lengi verið eftirbátur þeirra
í útlöndum. Og sumarið 1967
var reist á Seljalandsdal
skíðalyfta sem flutt getur
500 manns á klst. frá Múla-
brún og upp á Gullhól, en
þetta er um 1200 metra vega-
lengd og hæðarmunur um 200
metrar. Þetta var mikið fyrir-
tæki og misjafnlega fyrir því
spáð. En upp komst lyftan.
För þar saman almennur á-
hugi skíðaunnenda, ötul for-

usta formanns framkvæmda-
nefndarinnar og skilningur
ráðamanna bæjarins og ým-
issa fyrirtækja. Lyftan reynd-
ist hið mesta happataki, og
þátttaka í skíðaferðum marg-
faldaðist. En með aukinni
þátttöku og aukinni leikni
koma auknar kröfur. Þessi
lyfta fullnægði ekki kröfum
þeirra, sem iðkuðu skíðai-
þróttina með keppni í huga.
— Það var raunar vitað fyrir,
en ekki talið fært fjárhags-
ins vegna annað en hugsu-
fyrst fyrir þörfum hins al-
menna iðkanda.

Árið 1970 var svo reist
lyfta nr. 2, sem fyrst og
fremst átti að þjóna keppnis-
fólkinu. Hún flytur fólk frá
Engjahjalla upp í Hrossa-
skál. Lengd þessarar lyftu er
600 metrar og hæðarmismun-
ur 300 metrar. En nú var
heppnin ekki með okkur
lengur. Þessi lyfta hefur verið
okkur mjög erfið í rekstri,
tiðar bilanir og stuttur notk-
unartími.

Ég hefi nú lýst lauslega
flestum þeim mannvirkjum,
sem reist hafa verið á Selja-
landsdal. Þó er ótalið svo-
kallað Markhús. Þar er komið
fyrir sjálfvirkum tima-
töktækjum til notkunar við
keppni í svigi og störsvigi, og
símaleiðslur eru lagðar frá
þessu húsi upp um allar hlið-
ar, — og símasamband er
einnig hægt að hafa milli mark-
hússins og endastöðva beggja
lyftnanna — svo og við skíða-
skálann. Og að lokum má svo
nefna, að komið hefur verið
upp í tilraunaskyni nokkrum
ljóskösturum til að lýsa upp
æfingabrekkurnar.

Eins og sjá má af framan-
sögðu er það ekkert smáræði,
sem gert hefur verið á Selja-
landsdal, með það í huga að
bæta aðstöðu fyrir skíðafólk:
Byggð hafa verið alls 9 hús,
stór og smá, reistar tvær
skíðalyftur, lagðar símalínur
um helsta keppnissvæðið, og
gerð tilraun til lýsingar á
svæðinu. Ef meta ætti þetta
til fjár miðað við nútíma
verðlag skipti það sjálfsagt
tugum milljóna.

Allt hefur þetta verið unn-
ið í sjálfboðavinnu áhuga-
manna, með styrk opinberra
aðila samkvæmt lögum um í-
þróttamannvirki, og stuðningi
ýmissa fyrirtækja og einstak-
linga, sem ekki hafa haft að-
stöðu til að leggja HÖND AÐ
VERKI í bókstaflegum skiln-
ingi.

En nú er ég hræddur um
að við stöndum á krossgöt-
um, þar sem erfitt getur orð-
ið að velja rétta veginn. Það
er nefnilega tiltölulega auð-
velt að fá sjálfboðaliða til að
byggja hús, leggja veg eða
reisa skíðalyftu. — Þetta tek-
ur tiltölulega skamman tíma,
og sköpunargleðin heldur
mönnum við efnið. En þegar
verkinu er lokið, vilja allir
eiga fri og njóta þess, sem
þeir hafa unnið að. — Þá
byrjar vandinn — REKSTUR-
INN — VIÐHALDIÐ. Hver
vill sjá fyrir því?

Til fróðleiks birti ég hér

Ef þú hefur NÁÐ ÁRANGRI
þá áttu skilið pylsu og coke.

Í HAMRABORG

VÉLSMÍÐJAN ÞÓR HF. auglýsir:

Erum með viðgerða- og varahlutapjónustu
fyrir Heklu hf. og P. Stefánsson.
Ennfremur höfum við fyrirbyggjandi á lager
GOOD YEAR snjóhjólabarða neglda og óneglda.

VÉLSMÍÐJAN ÞÓR HF.
Ísafirði — Símar 3041 og 3711

nokkrar tölur um fjárhag ur fyrir tímabilið júlí 1973
SKÍÐALYFTUNNAR og rekst til júní 1974.

TEKJUR:

Selt í lyftur, desember 1973
til apríl 1974 Kr. 610.680,00

GJÖLD:

Greidd laun, tryggingagjöld o.fl.	—	440.995,00
Viðgerðir, áhöld og oliur	—	75.585,00
Lyfta II., lagfært drif	—	23.063,00
Varahlutir frá Anleggstransport	—	81.059,00
Rafmagn	—	77.178,00
Brunatr. og slysatrygging	—	36.131,00
Vextir	—	138.375,00
Halli	—	261.706,00
	Kr.	872.386,00
		872.386,00

Auk þessa reksturshalla sem hér kemur fram—	261.706,00
varð að standa skil á ýmsum öðrum greiðslum:	
Afborganir af víxlum	— 90.000,00
Afb. af láni framkvæmdasjóðs Í.S.Í.	— 240.000,00
Greitt fyrir nýjan vír í Lyftu II.	— 70.128,00
Þátttaka í nýju hitakerfi Skíðheima	— 50.009,00
Samtals kr.	711.843,00

Á móti þessum útgjöldum hafði lyftan hagnað	
af happdrætti og bingó	— 147.675,00
hagnað af Skíðaviku 1974	— 314.792,00
frá Í.S.Í. byggingarstyrktur '73 v/Lyftu II.	— 261.400,00
Samtals kr.	723.867,00

Enn er ótalin mikilvægur
þáttur í þessum rekstri sem
er ómæld sjálfboðavinna
skíðamanna og annarra borg-
ara við uppsetningu og við-
hald lyftnanna. Ekki verður
annað sagt en fjáröflun happ-
drættis og skíðaviku hafi
gengið vel enda mikil vinna
þar að baki. Eins og ofan-
greindar tölur bera með sér
er rétt að endar ná saman
þrátt fyrir mikla sjálfboða-
vinnu og vel heppnaða fjár-

öflun, en hvorttveggja er ó-
öruggt og getur brugðist
næsta ár.

Rekstur mannvirkjanna á
Seljalandsdal er orðinn það
snar þáttur í bæjarlífinu að
hann má ekki stöðvast. En
hann er orðinn svo umfangs-
mikill og tímafrekur að sem
tómstundastarf fárra manna
gengur hann ekki lengur
nægilega vel.

Hér verður að koma til
stórauðin þátttaka opinberra
aðila. Sigurður Jónsson.

Ísfirðingar - Vestfirðingar

Opnum verslun í Hafnarstræti
(áður verslun Böðvars Sveinbjarnarsonar)
næstk. föstudag kl. 1 e.h. — Verið velkomin.

Vefstofa Guðrúnar Vigfúsdóttur

Hafnarstræti 20b.

Ísfirðingar - Vestfirðingar

Munið okkr vinsælu og hagkvæmu ferðir, sex
sinnum í viku til og frá Reykjavík.

Afgreiðsla á Ísafirði:
GUÐBJARNI ÞORVALDSSON sími 3136.

GUNNAR & EBENEZER HF.

Símar: 3304, 3391, 3387, bifreiðaverkstæði 3795

Ferð með FAGRANESI um hið fagra
ÍSAFJARÐARDJÚP
er hverjum manni ógleymanleg.

DJÚPBÁTURINN HF.

við Hafnargötu Ísafirði
Sími 94-3155

ESSO-NESTI Ísafirði

Sími 3574

ESSO BENSÍN ESSO OLÍUR

ATLA og HOLTS bílavörur

Tóbak — Sælgæti — Öl — Pylsur — Ís o.fl.

Hagsýn húsmóðir velur VERÐIÐ
Vandlát fjölskylda dæmir GÆÐIN

Í næstu verslun fáið þér:

IXL-COCKTAIL IXL-PERUR
IXL-FERSKJUR IXL-ANANAS

Einnig væntanlegt í verslanir:

KRAKUS-niðursuðuvörur — Jarðarber — Bláber
Rauð delicious og gul epli — Jaffa appelsínur
Macintosh-konfekt.

Úrval af kexi frá Associated Biscuits.

SANDFELL HF.

Ísafirði — Símar: 3500 og 3570

Selja-lands-dalur

EINHVERSTAÐAR las ég, að inn úr Skutulsfirði gengju 6 dalir. Þ.e. Hnifsdalur, Seljalandsdalur, Tungudalur, Dagverðardalur, Engidalur og Arnardalur. — Fimm þessara dala hafa sitt hefðbundna form, þ.e. tvær hliðar, dalbotn, dalsmynni og auðvitað rennandi á eftir miðjum dalnum.

En sjötti dalurinn er í sér-flokki. Hann hefur aðeins eina hlið, engan dalbotn, ekkert dalsmynni og varla nokkra á. — Þær litlu sprænur, sem um hann renna, víta varla hvort þær eiga að renna þversum eða langsum. Með öðrum orðum, þetta er alls ekki dalur í venjulegum skilningi. — Þó er þetta sá dalurinn, sem við er átt, þegar talað er um að fara Á DALINN — Seljalandsdal, því að þótt ýmislegt vanti, þá hefur Seljalandsdalur margt að bjóða í ríkara mæli en margir alvörudalir. — Hann er grösugur, sólríkur og logn-



PARADÍS SKÍÐAMANNA.

sæll, þar er berjaland gott, fjallagrös og mótekja. Útsýni þaðan er mjög fallegt, og þaðan er mun víðsýnna en úr alvörudölunum, sem lokaðir eru á þrjá vegu. Fyrir á árum,

meðan engjar voru slegnar, var mikið heyjað á Seljalandsdal og búfénaður rekinn þangað á beit. Mór var og skorinn þar, þurrkaður og honum hlaðið í hrauka, og síðan ekið heim á sleðum, þegar hjarn var komið. — Síðast man ég eftir mótekju á Dalnum sumarið 1939.

En á Seljalandsdal er ekki eilíft sumar, þar er stundum vetur, og þá fellur þar meiri og fallegri snjór en gerist í öðrum dölum. — Fyrir þessa náttúru til viðbótar við áður nefnda eiginleika, svo sem logsæld og sólríki, hefur hann hlotið nafnið Paradís skíðamanna.

Það mun hafa verið á árunum 1920—1930, sem skíðamenn fóru fyrst að veita Seljalandsdal verulega athygli. — En þótt skíðaland á Dalnum væri fallegt og gott, þá var gallinn sá, að fjarlægð frá bænum var allmikil, enginn vegur uppeftir og ekkert skýli, þar sem hægt væri að borða nestisbita eða flýja í, þegar veður versnaði snögglega.

Áhugamenn tóku sig því til og byggðu þar fyrsta skálann. Sá skáli brann. — En skíðamenn gefast ekki upp, þótt í móti blási. — Mannvirkjagerð á Seljalandsdal var hafin. — Næsti skáli var strax reistur — bæði fallegri og stærri, og hlaut nafnið Skíðheimar.

Árið 1934 var stofnað Framhald á 6. síðu

Verðlauna-getraun

Auglýsingablaðsins

VINNINGUR:

Flugfar Ísafjörður-Rvík-Ísafjörður

Í hvaða auglýsingum hér í blaðinu standa eftirfarandi setningar:

1. Neglda og óneglda
2. Hefur náð árangri
3. Hverskonar skemmtanir
4. Atlas og Holts
5. Gistingu á hóteli

Úrlausnir þurfa að berast fyrir 1. desember merkt pósthólf 96 Ísafirði.



Bankinn tekur á móti sparifé og greiðir af því hæstu vexti, eins og þeir eru almennt á hverjum tíma.

Annast öll bankaviðskipti innan lands og utan.

ELDTRAUST GEYMSLUHÓLF
TIL LEIGU.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS
ÚTIBÚÐ Á ÍSAFIRÐI